

17. **Skaptafellssýslupósturinn** fer frá *Prestsbakka*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá *Odda*, að *Borgarfelli í Skaptártungu* og snýr þaðan aptur að *Prestsbakka*. 127
18. **Vestmannaeyjapósturinn** fer frá *Odda* að *Ljótarstöðum* daginn eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur til *Odda*. Þegar póst-taskan kemur frá Vestmannaeyjum að *Ljótarstöðum*, skal henni komið svo snemma að *Odda*, að hún komist á aðal-póstinn á leið hans til Reykjavíkur.
19. **Rangárvallasýslupóstarnir** eru tveir:
- a. Fer annar frá *Ási* í Holtum, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Fellsmúla á Landi* og snýr þaðan aptur að *Ási*.
 - b. Hinn fer frá *Odda*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, um Stórolfshvol að *Teigi í Fljótshlíð* og þaðan aptur sömu leið að *Odda*.
20. **Árnessýslupóstarnir** eru fjórir:
- a. Hinn fyrsti fer frá *Kotströnd í Ölfusi*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Úlfjótuvatni í Grafningi* og snýr þaðan aptur að *Kotströnd*.
 - b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík um *Arnarbæli í Grímsnesi* og *Mosfell* að *Torfastöðum* í *Biskupstungum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
 - c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, um *Ólafsvelli* að *Reykjum á Skeiðum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
 - d. Hinn fjórði fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík ofan á *Eyrbakka*, og snýr þaðan aptur daginn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 5. desember 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um flutning á þingstað. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmadur, dags. 5. f. m., vil jeg hjer með samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, er hlutadeigandi sýslumaður hefur mælt með, samþykka, að þingstaður fyrir Vestur-Eyjafjallahrepp sje fluttur úr Kverkarhelli í Seljalandsmúla að Yzta-Skála með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað. 128

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar. 7. nóv.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. nóv. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hefir verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1893 um afnám dómsvalds hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenskum málum. 129

Þjer hafði viðvikjandi frumvarpi þessu látið í ljósi, að þjer álitði rjettinn 10. nóv.

129 til þess að geta skotið íslenskum málum til hæstarjettar sem æðsta dómstóls
 10. nóv. svo mikil hlunnindi fyrir Ísland, að það væri ógæfa að missa þau og mjög ó-
 viturlagt að sleppa þeim sjálfviljugur, og að við þetta bætist, að sameiginlegur
 æðsti dómstóll sje svo mikils varðandi liður í hinu stjórnarlega sambandi milli
 Íslands og konungsríkisins, að breyting á þessu sje að yðar álitni naumast hugs-
 anleg, nema í sambandi við svo verulega breytingu á öðru stjórnarfyrirkomu-
 lagi, eins og til er ætlaðt í frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga, sem alþingi
 nú á ný hefir samþykkt. Ráðaneytið, sem er yður samdóma um það, er þjer
 þannig hafið fram tekið, verður einnig að álíta, að þegar með tilliti til sjerstak-
 legra hagsmuna Íslands, þótt ekkert tillit sje tekið til tormerkja þeirra, sem
 vegna ríkiseiningarinnar mætti telja á það, að afnema stöðu hæstarjettar sem
 æðsta dómstóls í íslenskum málum, sje slík tilbreyting óráðleg. Ráðaneytið
 hlýtur að álíta það svo mikinn hag fyrir landið að eiga kost á því, að fá úr-
 skurði hinna núverandi dómstóla kannaða af yfirdómstóli slíkum sem hæstirjett-
 ur ríkisins er, sem bæði að því er dómendur snertir og undirbúning þann og
 málaflutning, sem þar er kostur á, veitir tryggingu, sem er meiri en svo, að
 audið verði að fá nándar nærri viðlíka mikla á Íslandi svo langt sem sjeð
 verður fram í tímann, að langt sje frá að upp á móti því geti vegið misfellur
 þær, sem stafað geta sumpart af hinni miklu fjarlægð Íslands frá dómstaðnum,
 sumpart af því, sem í einstökum tilfellum getur komið fyrir, en ekki getur
 kvedið verulega að, að rjetturinn eigi örðugt með að ná fullum skilningi á
 lífsháttum, hugsunarhætti og þessháttar, sökum þjóðernisafbrigða.

Í allra þegnsamlegustum tillögum sínum hefur ráðgjafinn því lagt það til
 við hans hátign konunginn, að frumvarp þetta nái ekki allrahæstri staðfest-
 ingu, og hefur hans hátign í dag allramildilegast þóknast að samþykkja þá
 tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tilkynnt yður til þóknanlegrar leið-
 beiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

130 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungs-
 10. nóv. staðfestingar á stjórnarskrárfrumvarpi. -- Eptir að frumvarp það til stjórnarskip-
 unarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands, er samþykkt var á alþingi 1893,
 hafði aptur verið borið upp af þingmanna hálfu, rætt og samþykkt óbreytt
 á aukabingi því, sem haldið var síðastliðið sumar samkvæmt opnu brjefi 29.
 sept. f. á. eptir þingrof og nýjar kosningar, hafið þjer, herra landshöfðingi, með
 þóknanlegu brjefi, dags. 7. sept. þ. á., sent frumvarp þetta hingað, og að því
 er snertir ákvörðun þá, er stjórnin að svo vöxnu máli eigi að taka, hafið þjer
 látið yður nægja að skírskota til yfirlýsingar þeirrar, sem þegar er fram kom-
 in í allrahæstri auglýsingu til Íslendinga 15. desbr. f. á. um það, að frumvarp
 þetta geti ekki náð allrahæstri staðfestingu, jafnvel þótt það yrði samþykkt
 einnig af hinu nýkosna alþingi, og af hverjum ástæðum.

Í samræmi við þetta hefur hans hátign konunginum samkvæmt allra-